

Minnisblað

Dagsetning: 02.05.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – Katlahraun

Katlahraun rann í sjó fram fyrir um 2.000 árum og hlóðst upp við ströndina vegna fyrirstöðu. Stór, hringlaga hrauntjörn myndaðist en tæmdist eftir að hlutar hennar höfðu storknað. Eftir standa margvíslegar, fallegar og óvenjulegar hraunmyndanir. Svæðið er nýtt af göngu- og reiðfólki.

Framkvæmd

Katlahraun var heimsótt þann 22. apríl 2024 (ÓPJ). Gengið var um svæðið og helstu jarðminjar, innviðir og rask myndað á farsíma með forritinu Field Maps. Notast var við 2 m rauða og hvíta stöng til þess að fá skala á myndirnar. Myndir voru teknar af þeim stöðum sem voru með merki um rask eða þóttu hafa áhugaverðar jarðminjar. Þar sem myndast höfðu slóðar voru teknar myndir og ferill gerður í forritinu Field Maps. Drónaflug frá síðustu vöktun var að lokum endurtekið.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Katlahraun var síðast vaktað árið 2021 og kom þá í ljós að svæðið er tiltölulega fáfarið, sem er sérstakt í ljósi þess hve sérstætt það er. Ekki voru skýr merki um aukið rask né aukna umferð á svæðinu síðan árið 2021. Stígur sem myndast hefur að hellisskúta innst á svæðinu virkar breiðari en óljóst er hvort það sé vegna aukinnar umferðar eða vegna heimsóknar á svæðið á öðrum árstíma. Við hellisskútann eru svo greinilegar gróðurskemmdir vegna umferðar ferðamanna (1. mynd). Á einum stað varð vart við mosaskemmdir en óljóst er af hvaða sökum þær stafa. Við suðurenda svæðisins meðfram sjónum markar aðeins fyrir stíg á köflum en ekki var að sjá að umferð um hann hefði aukist.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Ástand svæðisins hefur haldist nær óbreytt frá síðustu vöktun. Svæðið virðist fá fáar heimsóknir miðað við sérstöðu þess og telst nær óraskað (2. mynd). Hins vegar er það viðkvæmt, bæði vegna jarðminja og gróðurs. Ekki þarf að koma á óvart ef svæðið yrði skyndilega vinsælli viðkomustaður ferðamanna myndi rask á svæðinu stórukast. Því er lagt til að svæðið verði vaktað áfram en heimsótt á fjögurra til fimm ára fresti í stað þriggja.



1. mynd. Hellisskúti í einum hraundranganum er greinilega einn mest heimsótti staður svæðisins og einn af fáum stöðum þar sem sjá má ummerki um mannaferðir, en við hellinn hefur nokkuð látið sjá á gróðri og markar fyrir stíg að honum. Mynd: ÓPJ.



2. mynd. Yfirlitsmynd af Katlahrauni. Hér má vel ímynda sér hrauntjörn sem hefur tæmst og eftir standa hraundrangar og klettaveggir. Þrátt fyrir þessa sérstöðu svæðisins er ekki að sjá að það sé vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Mynd: ÓPJ.